
HEIMSPEKILEG SAMRÆÐA Í LEIK- OG
GRUNNSKÓLUM GARÐABÆJAR
- LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS-



ÞRÓUNARVERKEFNI UNNIÐ SKÓLAÁRIÐ 2011-2012

VERKEFNASTJÓRI: BRYNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR, GARÐASKÓLA

SAMNINGSNÚMER: NO. 23. 2011-2012

5. JÚLÍ 2012

INNGANGUR

Í þessari lokaskýrslu er sagt frá próunarverkefni sem unnið var með kennurum í leik- og grunnskólum Garðabæjar. Gerð er grein fyrir markmiðum verkefnisins, þátttakendum og framkvæmd þess sundurliðuð. Einnig er mat á verkefninu kynnt en það er grundvallað á samtölum við þátttakendur og ónafngreindum spurningalista sem þeir svöruðu. Loks eru næstu skref reifuð og sagt frá því hvernig heimspækileg samræða virðist vera festa sig í sessi sem vettvangur fyrir kennara til að efla sig bæði faglega og persónulega.

MARKMIÐ

Próunarverkefnið *Heimspækileg samræða í leik- og grunnskólum Garðabæjar* var tilraun til að innleiða heimspækilega samræðu sem kennsluaðferð í skólum bæjarins eins og kveðið er á um í skólastefnu Garðabæjar 2010-2013 (<http://www.gardabaer.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=89198>). Markmið verkefnisins var þrjúþætt:

- Að leik- og grunnskólakennarar í Garðabæ fengju kynningu og þjálfun í að kenna gagnrýna hugsun og siðfræði með heimspækilegri samræðu.
- Að leik- og grunnskólar í Garðabæ skilgreindu þátt heimspékilegrar samræðu í skólanámskrám.
- Að semja námskrá í heimspeki fyrir leik- og grunnskóla Garðabæjar.

LÝSING Á ÞÁTTTAKENDUM

Verkefnið var samstarfsverkefni þróunarhóps um heimspækilega samræðu í Garðabæ, leik- og grunnskóla Garðabæjar og Fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar. Þróunarhópurinn er sjálfskipaður af fjórum kennurum sem hafa stundað heimspækilega samræðu með leik- og grunnskólanemendum í Garðabæ undanfarin 2-10 ár. Í hópnum sitja Brynhildur Sigurðardóttir (heimspékikennari og aðstoðarskólastjóri Garðaskóla), Ingimar Ólafsson Waage (heimspékikennari Garðaskóla og meistaranemi í heimspeki menntunar við Háskóla Íslands), Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir (heimspékikennari og M.Ed. í heimspeki menntunar) og Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir (heimspékikennari og M.Ed. í heimspeki menntunar). Þessi hópur hafði frumkvæði að próunarverkefninu og starfaði sem verkefnisstjórn þess. Fulltrúar Fræðslu- og menningarsviðs voru Margrét Björk Svavarsdóttir, Anna Magnea Hreinsdóttir og Oddný Eyjólfsdóttir. Brynhildur upplýsti skólastjóra grunnskólanna í Garðabæ reglulega um framvindu verkefnisins og Anna Magnea var tengiliður við leikskólana og fylgdist með gangi mála þar.

Verkefnisstjórn skipulagði þrjú námskeið veturinn 2011-2012 auk þess sem umræðuhópur starfaði allt skólaárið. Þátttakendur komu úr öllum leik- og grunnskólum Garðabæjar auk þess sem leik- og grunnskólakennarar víðar að nýttu sér námskeiðin og tóku þátt í umræðuhópnum.

Inngangsnámskeið var haldið í Garðaskóla föstudaginn 16. september 2011. Á þetta námskeið mættu 85 leik- og grunnskólakennarar, skólastjórnendur og fulltrúar skólamála í Garðabæ. Kennarar á námskeiðinu voru Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir, Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir, Brynhildur Sigurðardóttir og Ármann Halldórsson.

Þann 12. október 2011 kenndu Jóhanna Guðrún og Jóhanna Kristín heimspekinámskeið á vegum fræðslu og menningarsviðs Garðabæjar fyrir leikskólakennara í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Komu um 50 leikskólakennarar á þetta námskeið og þar voru heimspækilegar æfingar sem henta leikskólum sérstaklega kynntar og æfðar.

Námskeið með sænska heimspækikennaranum Liza Haglund var haldið 10.-11. mars 2012. Liza Haglund kennir við Södertörns Högskola í Stokkhólmi og hefur víðtæka reynslu í heimspækikennslu með börnum, unglingum og kennurum. Hún undirbýr nú stofnun skóla í Stokkhólmi þar sem heimspækileg samræða verður í lykilhlutverki í öllu starfi (sjá nánar á www.filosofiska.nu). Um 50 manns sátu inngangsfyrirlestur Lizu. Þátttakendur á námskeiðinu öllu voru 7 af þátttakendum í umræðuhópi þróunarverkefnisins og 16 aðrir leik- og grunnskóla-kennarar sem komu víða að.



Liza Haglund flytur inngangsfyrirlestur 9. mars 2012

Umræðuhópurinn var umfangsmesti hluti þróunarverkefnisins og þeir leik- og grunnskólakennarar sem tóku þátt í honum skuldbundu sig í lestur fræðigreina, þátttöku í mánaðarlegum fundum og verkefnavinnu milli funda. Þátttakendur voru tíu leik- og grunnskólakennarar úr Garðabæ, einn grunnskólakennari úr Kópavogi og annar úr Hafnarfirði. Kennarahópurinn samanstóð af umsjónarkennurum á yngsta- og miðstigi grunnskóla, fagkennurum á unglingastigi, listgreinakennurum og leikskólakennurum elstu barna.

FRAMKVÆMD

Þróunarverkefninu var formlega ýtt úr vör föstudaginn 16. september 2011 með inngangsnámskeiði fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla Garðabæjar. Þar voru m.a. kynntar heimspækilegar samræðuaðferðir sem þróaðar hafa verið víða um heim og nýta má við kennslu í leik- og grunnskólum. Ármann Halldórsson heimspækikennari kynnti svo nánar sókrátíska samræðu sem er ein af þeim kennsluaðferðunum sem notuð hefur verið í íslenskum skólum undanfarin ár. Vegna þess hversu fjölmennt námskeiðið var voru settir upp fjórir hópar sem fóru í gegnum sókrátískt samræðuferli um hugtakið „hugrekki“. Ármann skipulagði verkefnið og stjórnaði einum hópnunum. Fulltrúar úr verkefnastjórn tóku að sér umræðustjórnun í hinum hópnunum.

Í framhaldi af inngangsnámskeiðinu var áhugasömum kennurum gefinn kostur á að skrá sig til þátttöku í umræðuhópi sem stóð yfir veturinn 2011 til 2012. Þeir kennarar sem tóku þátt í umræðuhópnum allan veturinn komu úr öllum grunnskólum bæjarins, einum leikskóla í Garðabæ og tveimur grunnskólum utan Garðabæjar. Þessum þátttakendum til viðbótar tók heimspékinemi við Háskóla Íslands þátt í umræðufundum á vorönninni. Leikskólakennarar úr tveimur leikskólum í viðbót sýndu áhuga en urðu aldrei virkir þátttakendur.

Megin tilgangur umræðuhópsins var að fara dýpra í samræðuaðferðir heimspékinnar, veita kennurum þjálfun í samræðu og stuðning til að taka fyrstu skrefin við að beita aðferðinni í eigin kennslu. Umræðuhópurinn hittist mánaðarlega, samtals sjö sinnum á skólaárinu. Fundirnir hófust á stuttum fyrirlesturum og kynningum á heimspækilegri samræðu sem kennsluaðferð. Á hverjum fundi var afmarkað verkefni lagt fyrir kennarahópinn til þess að þátttakendur kynntust heimspækilegri samræðu af eigin raun. Í lok fundanna var umræða um samræðuaðferðina, hvernig til hefði tekist og í

hvaða kennslu hún hentaði. Slíkt sjálfsmat þátttakenda er fastur liður í samræðuaðferðinni og veitir kennurum tækifæri til að máta aðferðirnar við eigin kennslu, koma auga áskoranir og tækifæri. Kennarar voru hvattir til að æfa samræðuaðferðina milli funda og endurtaka þau verkefni sem lögð voru fyrir umræðuhópinum með sínum eigin nemendum. Kennurunum var boðin liðveisla verkefnastjórnar. Þeir sem nýttu sér liðveisluna fengu fulltrúa frá verkefnastjórn til að sitja með sér í kennslustund þar sem heimspækileg samræða fór fram. Að aflokinni kennslustund settust kennarinn og leiðbeinandinn niður til ræða framgang samræðunnar. Þetta reyndist ákaflega mikilvægur stuðningur við kennarana. Í fyrstu samræðutilraunum var algengt að kennarar upplifðu óreiðu í kennslustundinni en leiðbeinandinn gat þá bent á skrefin sem tekin voru og leitt kennaranum fyrir sjónir að óreiðan sem hann upplifði átti sér ekki endilega stoð í raunveruleikanum. Það er mat verkefnisstjórnar að upplifun kennaranna á stjórnleysi skapist af því að þeir voru ekki lengur að fullu stjórnendur í kennslustofunni heldur meira þátttakendur sem sátu við sama borð og nemendur. Margir kennarar eru óvanir slíkum kennsluaðferðum þótt þær séu mjög í anda nýrrar menntastefnu og hugmynda um lýðræðisleg vinnubrögð innan veggja skólanna. Þetta atriði var endurtekið til umræðu á fundum hópsins í vetur. Nánari dagskrá umræðuhópanna og niðurstöður þeirra má sjá í viðaukum 1.-7.

Allir kennarar í umræðuhópnum gerðu samræðutilraunir með sínum eigin nemendum. Flestir prófuðu inngangsverkefni sem felst í því að bekkurinn setur sér samræðureglur og sömuleiðis grunnaðferð þar sem samræða er unnin út frá texta sem nemendur lesa saman og setja fram spurningar um. Kennurum fannst mikil áskorun að vinna með heilum bekkjum og margir nýttu sér tækifæri sem þeir höfðu til að vinna með minni hópum, annað hvort litlum sérkennsluhópum eða hálfum bekk þegar annar kennari gat unnið annað verkefni með hinum nemendum.

Dagana 10.-11. mars 2012 stóð verkefnastjórn fyrir námskeiði með Lizu Haglund heimspækikennara. Námskeiðið hófst með opunarfyrirlestri Lizu, en á hann mættu nærri 50 manns, heimspækningar, kennarar og skólastjórnendur. Í kjölfarið hófst tveggja daga námskeið þar sem Liza var með hagnýta kennslu og æfingar. Einnig kynntu þrautreyndir heimspækikennarar þær Guðbjörg Guðjónsdóttir (leikskólakennari á Ökrum, Garðabæ og fyrrum leikskólastjóri í Foldaborg, Reykjavík) og Helga María Þórarinsdóttir (leikskólakennari á Lundarseli, Akureyri) aðferðir sem henta á leikskólastigi.



Margrét og Drífa einbeita sér að verkefni á námskeiði Lizu Haglund í mars 2012

Námskeið Lizu höfðaði mjög vel til þátttakenda. Hún kynnti t.d. leiðir til að byggja upp samræðufærni nemenda með því að láta þá vinna í minni hópum og að mati þátttakenda var þetta mikilvæg viðbót við þá áherslu sem áður hafði verið lögð á umræðu í heilum bekkjum. Liza náði einnig að tengja vel fræði og framkvæmd, t.d. með því að útskýra hvernig samræða hjálpar fólki að skýra eigin hugmyndir, túlka orð annarra og byggja upp sameiginlegan skilning.

Verkefnastjórnin hittist vikulega allt skólaárið. Á fundum voru viðburðir skipulagðir og unnið að uppbyggingu námskrár, kennsluverkefna og -leiðbeininga. [Námskráin](#) sem er ennþá í þróun er byggð upp þannig að hún lýsir viðhorfum og færni sem þurfa að vera til staðar í samræðu. Lýst er þeirri hæfni sem þarf að vera til staðar til að nemandinn sé virkur í heimspækilegri samræðu en hún lýtur að sjálfsstjórn, félagsfærni og gagnrýninni hugsun. Markmiðum er skipt niður á þrjú þrep sem eru að

mestu leyti óháð aldri nemenda. Byrjendur í samræðu hefja vinnu á þrepi 1. óháð aldri nemenda og reynslu kennarans og með aukinni reynslu og færni og réttum viðhorfum nemenda getur kennari smám saman byrjað að vinna með markmið á þrepi 2. Á síðasta þrepinu eru markmið sem eru nokkuð sérhæfð fyrir djúpa heimspækilega samræðu þar sem t.d. er gerð krafa um ákveðinn skilning á hugtökum rökfræðinnar. Námskráin getur nýst jafnt á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Eldri nemendur eru fljótir að tileinka sér fyrsta þrepið en með yngri nemendum getur dugað að vinna á þrepum 1. og 2. Drög að námskránni eru aðgengileg á www.heimspekitorg.is sem er vefsíða Félags heimspækikennara.

Samhliða námskrárvinnunni hefur þróunarhópurinn hafið uppbyggingu á verkefnabanka sem er aðgengilegur á Heimspekitorginu. Hönnun á útliti, skipulagi og innihaldi námsefnis er langt komin. Námsefnið mun samanstanda af 60 verkefnum. Verkefnin munu fjalla um þá grunnþætti menntunar sem tilgreindir eru í Aðalnámskrá 2011 og þau munu henta öllum aldurshópum innan grunnskólans. Verkefnastjórnin mun halda áfram vinnu við þróun og frágang á námskrá og námsefni í heimspækilegri samræðu og hefur hlotið til þess styrk úr Þróunarsjóði námsgagna.

Verkefnisstjórnin sat málþing um gagnrýna hugsun og siðfræði í skólunum sem haldið var í Háskóla Íslands 1. október 2011. Brynhildur flutti erindi um læsi og samræðu á málþinginu, Ingimar og Jóhanna Guðrún stjórnðu málstofum og Jóhanna Kristín tók þátt í umræðum.

MAT Á VERKEFNINU

Í heimspækilegri samræðu er fengist við stórar spurningar um siðferðileg álitamál, manneskjuna í heild sinni, eðli hennar, einkenni og uppbyggingu heimsins. Heimspækileg samræða er kennsluáðferð sem nær á heildstæðan hátt að þjálfva nokkra hæfniþætti sem falla undir grunn- og áhersluþætti nýrrar aðalnámskrár. Með samræðunni má efla félagsfærni og gagnrýna hugsun þar sem heimspækileg samræða gerir ákveðna kröfu um að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og hlusti eftir ólíkum sjónarmiðum. Gagnrýnin hugsun er þjálfuð með því að hlúa að forvitni nemenda og kenna þeim öguð vinnubrögð við úrvinnslu á hugmyndum, skoðunum og tilfinningum þátttakenda. Samræða um heimspækilegar spurningar eykur sjálfsskilning barna og skilning á öðrum með því að gera kröfu um að börn tjái hugsanir sínar og beri þær saman við hugsanir annarra.

Takmark þessa þróunarverkefnis var að efla færni kennara til að beita heimspækilegri samræðu til að ná þeim markmiðum sem nefnd eru hér að ofan. Við undirbúning og framgang verkefnisins var stuðst við reynslu og menntun sem starfsmenn í skólum Garðabæjar hafa víðað að sér undanfarinn áratug. Þessi menntun og reynsla nýttist vel til að kenna fleiri kennurum hugsunarhátt og vinnubrögð sem henta vel til að hrinda nýrri skólastefnu ríkis og sveitarfélags í framkvæmd.

Reynt var að hafa þróunarverkefnið eins fjölbreytt og mögulegt var. Af nógu var að taka því ýmsar aðferðir innan samræðuhefðarinnar nýtast vel í kennslu leik- og grunnskólanema. Þessar aðferðir voru kynntar og prófaðar svo hver og einn gæti fundið sinn takt í hinni heimspækilegu samræðu. Þess ber þó að geta að verkefnastjórnin hefði viljað sjá fleiri leikskólakennara í umræðuhópnum.

Tímasetningar hópsins reyndust ekki henta þeim og erfitt að finna tíma sem gagnaðist bæði leik- og grunnskólakennurum. Til að koma til móts við leikskólakennara var ákveðið að bjóða upp á námskeið sérstaklega fyrir þá. Það mæltist vel fyrir og Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar hefur kallað eftir öðru slíku námskeiði haustið 2012.

Á lokadögum þróunarverkefnisins í júní 2012 mat umræðuhópurinn árangurinn með þar til gerðum matsblöðum sem þátttakendur fylltu út (sjá fylgiskjal 8.). Í svörum þátttakenda komu ótvírætt í ljós kostir og nauðsyn verkefnisins og mikilvægi þess að kynna fyrir leik- og grunnskólakennurum möguleikana sem fólgnir eru í heimspækilegri samræðu. Kennararnir leggja einnig áherslu á nauðsyn

Þess að fá faglega þjálfun til að nota samræðuna við kennslu í leik- og grunnskólum. Þátttakendur létu í ljós almenna ánægju með verkefnið og þátttökuna í því þar sem það í flestum tilfellum opnaði augu þeirra fyrir notagildi hinnar heimspekilegu samræðu í kennslunni. Hjá þátttakendum kom í ljós að þau verkfæri sem þeir fengu hefðu nýst þeim í kennslu vetrarins og koma til með að gagnast þeim áfram til að mynda við bekkjarfundi, umræður í hópum eða hópavinnu, almennt í umræðu um hin ýmsu efni og í bókmenntaumræðu. Námskeið Lizu Haglund skilaði kennurum ákveðnum hugmyndum um hvernig nýta megi samræðuna í minni hópum og reyndist því ákaflega praktískt. Einnig kom fram á matsblöðunum að kennurunum fundust mánaðarlegir umræðufundir nærandi, skemmtilegir og gefandi. Það sem kennararnir fundu að próunarverkefninu og tekið verður tillit til við áframhaldandi þróun er að of langur tími leið á milli samræðuæfinga og að í upphafi námskeiðs hefði gjarnan mátt bjóða upp á lengri vinnulotu eða námskeiðsdag. Í grundvallaratriðum voru þátttakendur ánægðir með afrakstur próunarverkefnisins og verkefnastjórnin var reynslunni ríkari. Á þeirri reynslu er mikilvægt að byggja við áframhaldandi þróun og uppbyggingu hinnar heimspekilegu samræðu innan leik- og grunnskóla landsins.

Mat verkefnastjórnar er að það skilaði umtalsverðum árangri að fylgja kennurum á námskeiði inn í bekk þar sem heimspekileg samræða var reynd. Það er mikilvægt að bjóða upp á þann kost áfram þannig að kennarar treysti sér til að byrja að æfa heimspekilega samræðu við upphaf námskeiðs. Jafnframt má bjóða kennurum að taka upp samræðu og rýna í hana eftir á ef hinu verður ekki við komið.

Einn kennari í umræðuhópnum beitti aðferðum starfendarannsókna við úrvinnslu á samræðutilraunum sínum. Þetta kom til vegna þess að kennarinn sat námskeið um starfendarannsóknir við Háskóla Íslands á vorönn 2012 og nýtti starfið með umræðuhópnum sem rannsóknarverkefni sitt á því námskeiði. Það er mat verkefnastjórnar að þetta samspil hafi gefist einkar vel því þessi kennari var mjög markviss í tilraunum sínum og tókst vel að vinna úr þeim á uppbyggilegan hátt. Af þessu má læra að líta má til starfendarannsókna um vinnubrögð sem aðstoða kennara við að innleiða samræðuna sem kennsluaðferð. Aðferðin gerir miklar kröfur til bæði nemenda og kennara og því mikilvægt að kennarinn hafi skýr tæki til að styðjast við í innleiðingunni.

Fjárstyrkur úr Sprotasjóði var nýttur til að greiða vinnu þeirra kennara sem að verkefninu komu. Auk Sprotasjóðsstyrksins fékk verkefnið styrki frá Garðabæ og Félagi heimspekikennara. Sundurliðun á nýtingu fjármagns má sjá í uppgjöri verkefnisins.

NÆSTU SKREF

Um helmingur þeirra kennara sem tók þátt í próunarverkefninu ætlar að halda áfram þjálfun í heimspekilegri samræðu næsta skólaár. Kennararnir nefna tvær meginástæður fyrir því að vilja áframhald: þeim finnst það skemmtilegt og nærandi fyrir þá sjálfa og þeim finnst þeir hafa þörf fyrir áframhaldandi samræðuþjálfun til að efla frekar færni sína í að stjórna samræðu nemenda. Þeir sem ætla ekki að halda áfram nefna tímaskort og önnur aðkallandi verkefni sem helstu ástæður.

Skipuleggjendur próunarverkefnisins í vetur munu halda áfram að starfa í anda verkefnisins á ýmsan hátt. Brynhildur mun ásamt Dr. Hreini Pálssyni skipuleggja og kenna námskeið fyrir starfandi grunnskólakennara og verður skipulag þess námskeiðs byggt á grunni þess sem unnið var í vetur. Tekið verður tillit til þeirra athugasemda sem fram komu í mati kennara á verkefninu með því að hafa lengri námskeiðsdag í upphafi verkefnisins og styttra á milli umræðufunda að hausti. Hugmyndir Lizu Haglund um samræðu í minni hópum innan bekkjarins verða byggðar inn í námskeið og umræðuhópa. Að lokum verður litið til vinnubragða starfendarannsókna til að reyna að tryggja betur að kennarar sem taka þátt í námskeiðinu innleiði vinnubrögðin í eigin kennslu. Það er mat

verkefnastjórnar að þessi vinnubrögð hafi skipti miklu máli hjá þeim kennara sem tvinnuðu þetta saman í þróunarverkefninu í vetur.

Jóhanna Guðrún og Jóhanna Kristín verða með námskeið í október 2012 fyrir leikskólakennara á höfuðborgarsvæðinu á vegum fræðslu og menningarsviðs Garðabæjar.

Jóhanna Kristín, Jóhanna Guðrún og Ingimar munu öll taka þátt í að stjórna heimspækilegum æfingum á vegum félags heimspækikennara. Æfingarnar eru að ýmsu leyti svipaðar umræðufundunum sem haldnir voru í vetur því þar er lagt fyrir samræðuverkefni sem hópurinn glímur við. Munurinn er helst sá að æfingarnar eru öllum opnar og þar mætir auk kennara fólk á ýmsum aldri, með ólíka menntun og starf.

Verkefnastjórnin mun kynna verkefnið á ráðstefnu um Sprotasjóðsverkefni haustið 2012. Eins og ofantalin verkefni gefa í skyn mun hópurinn halda áfram að veita kennurum kennslu og þjálfun í heimspækilegri samræðu og meðal þeirra verkefna sem hugað verður að í framhaldinu er að fylgjast betur með því og rannsaka hvernig börn og unglingar bregðast við þegar þeim er boðið að taka þátt í heimspækilegri samræðu sem hluta af námi sínu í skólunum.

Verkefnastjórnin mun halda áfram samvinnu við Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar sem hefur sýnt vinnu hópsins áhuga og stuðning. Sviðið hefur stutt við þróunarverkefnið fjárhagslega og gefið aðstandendum þess verulegt svigrúm til að gera tilraunir í leik- og grunnskólum bæjarins.

Það grasrótastarf sem átt hefur sér stað í leik- og grunnskólum Garðabæjar getur verið fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög eða minni einingar sem vilja nýta sér það afl sem býr í heimspækilegri samræðu. Áherslan í þessu þróunarverkefni var lögð á að efla kennara þannig að þeir geti þjálfað nemendur í samræðufærni. Athyglisverð og ánægjuleg hliðarverkun af þessari vinnu er að kennarar upplifa samræðuþjálfunina sem góða næringu fyrir sjálfa sig bæði faglega og persónulega. Heimspækileg samræða er ekki bara góð og gagnleg fyrir börn og unglinga – hún er mikilvægur vettvangur fyrir allar manneskjur til að öðlast sífellt betri skilning á sjálfum sér, öðrum manneskjum og veröldinni allri.



Umræður í hléi á námskeiði Lizu Haglund í mars 2012. Á myndinni má sjá Önnu Magneu Hreinsdóttur, Jóhönnu Kristínu Guðmundsdóttir, baksvip Ingimars Waage, Lizu Haglund og Guðbjörgu Guðjónsdóttur. Öll tóku þau þátt í starfi tengdu þróunarverkefninu um heimspækilega samræðu í leik og grunnskólum Garðabæjar.

DAGSKRÁ UMRÆÐUHÓPA 2011-2012

28. september 2011 – 1. umræðufundur kl. 16.00-17.30

Leseðni fyrir fundinn:

- Róbert Jack. (2010). Barnaheimspeki er rannsókn á möguleikum. *Hugur*, 22, bls. 8-28.

Verkefni fundarins:

- Samræða út frá 5. kafla í Uppgötvun Ara eftir Matthew Lipman: lesa – spyrja – samræða – mat
- Umræða um framkvæmd samræðunnar og lesefnið.
- Brynhildur Sigurðardóttir stjórnar verkefnum.

26. október 2011 – 2. umræðufundur kl. 16.00-17.30

Leseðni fyrir fundinn:

- Hreinn Pálsson. (2002). *Valur, heimspækilegar smásögur, kennarakver*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Kristján Kristjánsson. (1999). Fjárslóður fordómanna. Í Jón Á. Kalmannsson (ritstj.), *Hvers er siðfræðin megnug?* bls. 37-55. Reykjavík: Siðfræðistofnun, Háskólaútgáfan.

Verkefni fundarins:

- Samræðureglur. Hvað er góð samræða? Hvaða viðmið/reglur hjálpa okkur að halda uppi góðri samræðu?
- Brynhildur Sigurðardóttir stjórnar verkefnum.

23. nóvember 2011 – 3. umræðufundur kl. 16.00-17.30

Leseðni fyrir fundinn:

- Sigurður Björnsson. (2000). *Hugsi, kennsluleiðbeiningar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Verkefni fundarins:

- Hvernig finnum við heimspékina í daglegu starfi og í faggreinum? Hvernig spyr kennari opinna spurninga?
- Ingimar Waage stjórnar verkefnum

11. janúar 2012 – 4. umræðufundur kl. 16.00-17.30

Leseðni fyrir fundinn:

- Hreinn Pálsson. (2002). *Valur, heimspækilegar smásögur, kennarakver*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Verkefni fundarins:

- Námskeið 9.-10. mars: kynning og undirbúningur. BS stjórnar.
- Dæmigerð barnaheimspeki kennslustund: lesa – spyrja – samræða – mat
- Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir stjórnar verkefnum.

Vinna með nemendum fyrir næsta fund:

- Samræðureglur hópsins (æfing sem kennarar prófuðu á umræðufundi í október)
- Samræða út frá texta, 1-2 kennslustundir. Kennarar velja sjálfir texta sem þeim finnst henta nemendum sínum – við bendum á t.d. "Sagan af moldvörpunni" og kaflar úr námsefni Námsgagnastofnunar: Hugsi, Valur og Hugrún

8. febrúar 2012 – 5. umræðufundur kl. 16.00-17.30

Leseðni fyrir fundinn:

- Golding, C. (2002). *Connecting Concepts*. Melbourne: ACER press.

Verkefni fundarins:

- Deilum reynslu af vinnu mánaðarins.

- Hugtakagreining út frá dæmasafni (Concept Game).
- Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir stjórnar verkefnum.

Vinna með nemendum fyrir næsta fund:

- Samræða út frá dæmasafni um vinátta

2. maí – 6. umræðufundur kl. 16.00-17.30

Lesefni fyrir fundinn:

- Brynhildur Sigurðardóttir. (1998). Hugleiðing um hugsun. *Börn og menning*, 13,2, bls. 15-17.
- Brynhildur Sigurðardóttir. (1998). Hvernig vinna má með hugtök og hugmyndir í náttúrufræðikennslu. *Ný menntamál*, 1, bls. 18-23.

Verkefni fundarins:

- Námskeið Lizu Haglund – umræður
- Úlfur – Úlfur: Rökfræði með nemendum.
 - Upphitun: rökgáta – samvinna leyfð
 - Góður eða vondur úlfur? Venn myndir
 - Alhæfingar um úlfa – hvenær er það í lagi?
 - Hugtakalína – bestur, betri, góður, vondur, verri, verstur
 - Hugleiðing í lokin: hvað er úlfur?
- Brynhildur Sigurðardóttir stjórnar verkefnum.

Vinna með nemendum fyrir næsta fund:

- Prófa æfingar um hugtakatengsl og rökleikni

7. júní 2012 – 7. umræðufundur kl. 14.00-15.30 LOKAFUNDUR

Verkefni fundarins

- Heimspækileg æfing í sumarbyrjun: Hvað er hamingja? Æfing úr smiðju Oscar Brenifier
- Matsblað og umræður um vinnu vetrarins og framhald næsta vetur

UMRÆÐUHÓPUR, 1. FUNDUR, SAMANTEKT

28. september 2011 kl. 16.00-17.30, Garðaskóla, stofu 217

Verkefni fundarins:

Samræða út frá 5. kafla í Uppgötvun Ara eftir Matthew Lipman: lesa – spyrja – samræða – mat
Umræða um framkvæmd samræðunnar og lesefnið.

Spurningar eftir lestur textans:

1. Er hægt að gera allt skemmtilegt? (Ásta)
2. Þarf viðmið til að vita hvað er skemmtilegt? (Kristjana)
3. Er það þannig í vinnunni að maður þarf að segja hluti sem maður meinar ekki? (Áslau)
4. Af hverju skiptir máli að allt sé skemmtilegt? (Halla)
5. Vilja nemendur hugsa sjálfstætt? (Margrét)
6. Eyðileggur skólinn námsánægjuna? (Hjördís)
7. Ætli skólaskjómendur skilji ljófrétt nemendur? (Guðrún)
8. Hverju skilja nemendur best? (Hjördís)
9. Er þörf á kennurum? (Margrét)
10. Fá nemendur ním við hæfi? (Ragna)
11. Þurfa kennarar að vera skemmtikraftar? (Knuti)
12. Er grunnskólinn að kenna það sem nemendur þurfa að kunna? (Kristín)
13. Hvað þýfir að hugsa sjálfstætt? (Sigríður)
14. Getur verið að kalla skóli sjálfsga? (Ásta)

Tekin var fyrir spurningin “Eyðileggur skólinn námsánægjuna?”

- Eru til ánægðir nemendur? Eða koma nemendur kannski óánægðir inn í skólann? Nemendur koma ánægðir í skólann og margir útskrifast ánægðir úr 10. bekk.
- Allir nemendur finna sig í einhverju.
- Hvaða máli skipta samskipti, samskiptaleysi? Þegar vel gengur? Þegar illa gengur?
- Er hægt að ætlast til að nemendur séu ánægðir alltaf, alla daga?
- Hvað fleira en skólinn sjálfur hefur áhrif á námsánægjuna? Hvaða máli skiptir heimilið og það sem er sagt um skólann heima?
- Námsferlið:
 - er ferlið sjálft leiðinlegt?
 - skiptir aðal máli að markmiðinu sé náð?
 - er ferlið gott ef markmiðið næst að lokum?
 - er ferlið alslæmt ef markmiðið næst ekki á tilsettum tíma?
- Hvaða máli skiptir leikurinn – hefur leikskólinn það fram yfir grunnskólann að hann ber virðingu fyrir því að börn læra í leik, sem þeim þykir skemmtilegt?
- Námsánægja og lífsánægja

- Hvernig væri spurningin (Eyðileggur skólinn námsánægjuna) ef það væri enginn skóli? Værum við þá að spyrja hvort foreldrar/atvinnulíf/fjölmiðlar... eyðileggja ánægju ungmenna í lífinu?

Dæmi um niðurstöðu í lok umræðunnar:

- Skólinn þarf að huga að því og vera annt um að nemendur séu ánægðir. En það verður að vera í samhengi við aðra áhrifavalda í lífi nemenda og það verður að taka tillit til þess að ekkert er alltaf skemmtilegt.

UMRÆÐUHÓPUR, 2. FUNDUR, SAMANTEKT

26. október 2011 kl. 16.00-17.30, Garðaskóla, stofu 214

Verkefni fundarins:

Reglur og viðmið fyrir samræðurnar voru teknar fyrir. Hver eru markmiðin – orða þau fyrir samræðuna. Hvað er samræða- hvað er góð samræða?

Reglur og viðmið fyrir samræður:

- Þessar tillögur að reglum fyrir samræðu komu fram:
- Virða skoðanir annarra
- Einn tali í einu
- Allir fá tækifæri til að segja skoðun sína
- Hlusta af athygli
- Leyfa sér að vera ekki búin að ákveða hvað hinn ætti að segja
- Setja skoðun sína svo skipulega fram að aðrir skilji hina
- Ekki gera lítið úr skoðunum annarra
- Ekki túlka skoðanir annarra
- Halda sig við efnið
- Ekki leggja öðrum orð í munn
- Ekki vera í símanum
- Bannað að lemja
- Ekki grípa fram í
- Við eigum að komast að niðurstöðu
- Fá álit, sjónarhorn allra, sem flestra
- Ekki láta einhverja tvo einoka samræðuna
- Skapa andrúmsloft þar sem öllum líður vel og fá að segja skoðun sína
- Skapa traust
- Skapa trúnað

Eftir að hver og ein hafði valið þær fjórar reglur sem hún taldi vera mikilvægastar til að skapa ákjósanlegt samræðusamfélag, var umræða tekin um reglurnar. Mikil umræða spannst í kringum spurningar eins og "þarf að vera niðurstaða?" "hver er niðurstaða samræðu?" og "hvernig skapar maður andrúmsloft sem einkennist af virðingu?"

Dregnar voru saman reglur sem hópurinn gat verið sammála um að væru mikilvægar við upphaf heimspekilegrar samræðu. Þær eru:

- Einn tali í einu
- Allir fá tækifæri til að tala
- Halda sig við efnið
- Hlusta af athygli

Hópurinn var sammála um að eftir því sem samræðusamfélagið þróast þá megi skipta út reglum.

UMRÆÐUHÓPUR, 3. FUNDUR, SAMANTEKT

23. nóvember 2011 kl. 16.00-17.30, Garðaskóla, stofu 214

Verkefni fundarins:

Spurningin í brennidepli. Hvað einkennir góða spurningu? Hvernig finnum við heimspékina í daglegu starfi og í faggreinum? Samræða eftir lestur á bókinni *Moldvarpan sem vildi vita hver skeit á hausinn á henni* eftir Werner Holzwarth í íslenskri þýðingu Þórarins Eldjárns.

Farið yfir helstu einkenni spurningar og hlutverk:

Spurningin gefur kennaranum ákveðið vald.

Á að skipta þessu valdi jafnt á milli nemenda og kennara?

Nauðsynlegt að gefa þetta vald spurningarinnar frá sér í samræðunni og fá nemendur til að spyrja hvern annan. Upp komu efasemdir um hvort hægt væri að gera það þegar unnið er með stóran hóp, gæti verið nauðsynlegt í slíku tilfelli að nálgast það smám saman. Eins kom upp sú spurning hvort íslenskir krakkar væru nógu agaðir til að taka þátt í samræðu í stórum hópi. Fram kom að kennari í Hofstaðaskóla, Ágústa, hafði prófað spurningaleik, flöskustút með hópi af 6-7 ára börnum, þar sem nemendum var gert að spyrja hvern annan um eitthvað sem á þeim brann. Gekk vel og þróaðist af fingrum fram.

Spurningar geta verið margvíslegar; þær geta verið skipandi, prófandi, tengslamyndandi, upplýsandi, til eru þekkingarspurningar og ályktunarspurningar sbr. bókmenntaspurningar í íslensku.

Hlutverk spurningar mótast af því umhverfi sem hún fellur í, t.d. spurningin „áttu brauð?“ þá eru aðstæður komnar inn í spurninguna.

Þar sem nemendur eru oftast vanir því að kennarinn spyrji og þeir svari er nauðsynlegt að gefa nemendum verulegt svigrúm til að spyrja; máli skiptir ekki hvernig spurningarnar hljóma eða líta út heldur skiptir máli að nemendur finni að spurningar þeirra skipta máli í þekkingarleitinni. Sókratískar spurningar nýtast vel því þær virkja nemendur frekar en að stýra efni samræðunnar.

Sókratískar spurningar eru spurningar sem krefjast raka eða sannana.

Upp kom sú spurning í hópnum hvernig bregðast ætti við ef engar spurningar kæmu frá nemendum. Ein í hópnum, Guðbjörg, sem er með langa reynslu af leikskólastarfi svararði því til að þá yrði bara að spyrja: „hvernig líður þér í dag?“ Þá kæmi oftast en ekki svar. Eins mætti notast við myndaspjöld sem kveikju í samræðu og spyrja spurninga út frá þeim. Guðbjörg sýndi tvö spjöld með mynd af sól með misstórum geislum og spurði þátttakendur einn af öðrum hvort þeir sæju einhvern mun á myndunum. Flestir sáu sól og sólargeisla út úr myndunum utan ein sem sá „sól og könguló“. Í leikskólanum hefur Guðbjörg einnig notað myndir og spurningar upp úr bókum, t.d. sögunum um *Einar Áskel*.

Hvernig finnum við spurningunni (heimspékinni) stað í daglegu skólastarfi og innan faggreina?

Kennari í Flataskóla, Ragna, sýndi verkefni frá bekknu sínum, stórt veggspjald með tillögum að reglum (5) frá nemendum fyrir bekkjarfundi. Allir fengu að kjósa tvennt til að koma í veg fyrir að þau kysu einungis sínar eigin tillögur. Ragna kom einnig með stærðfræðibók, *Sprota*.

Kennararnir voru í kjölfarið spurðir hvort þeir hefðu eitthvað leitt hugann að því hvernig nýta megi heimspekispurningar í stærðfræði og voru beðnir um að skrifa niður í einni setningu hvernig hægt væri að heimspekivæða stærðfræði.

Eftir einnar mínútu umhugsunarfrest komu ýmis svör:

- Að láta nemendur efast um niðurstöður.
- Er hægt að mæla þyngd steina á annan máta en að vigta þá?
- Að skera niður epli í nokkra misstóra hluta og láta nemendur ræða og rökstyðja hver eigi að fá hvaða bita.
- Er hægt að ræða af hverju flestar byggingar og það sem maðurinn skapar er úr 90° hornum?

Ingimar vísaði í Sókrates sem notaði stærðfræði í ákeðinni rökræðu við þrælinn í *Menóni*. Það mætti auðveldlega finna ýmis dæmi úr stærðfræðinni s.s talan 10, hvernig má tákna hana ? t.d með strikum, tugur, tíu, 10 osfrv. (Ingimar mun senda þátttakendum umræddan kafla úr *Menóni* og stærðfræðikennslunni).

Spurningar eftir lestur sögunnar um Moldvörpuna:

Litla sagan um moldvörpuna var lesin í lokin. Í þeirri sögu má auðveldlega finna áhugaverðar siðferðilegar spurningar:

1. Hvernig líður moldvörpunni? (Ágústa)
2. Má skíta á hausinn á öðrum? (Guðbjörg)
3. Hvernig gat Moldvarpan verið viss um hver skeit á hausinn á henni? (Jóhanna)
4. Líður manni betur ef maður hefnir sín? (Ragna)
5. Þarf maður alltaf að vera að spyrja? (Áslaug)
6. Skiptir máli hvernig kúk maður fær í hausinn? (Sigríður)
7. Er verra að fá kúk á hausinn en annarsstaðar? (Ragna)
8. Af hverju tók hann ekki kúkin af hausnum? (Margret)
9. Hvern er best að spyrja? (Ágústa)
10. Varð öllum mál í einu? (Guðrún).

Ekki gafst tími til að velja spurningu til rannsóknar en bent var á að reynslan sýndi að oft gætu komið skemmtilegar spurningar úr svona lítilli sögu með fyndnum myndum ;o)

UMRÆÐUHÓPUR, 4. FUNDUR, SAMANTEKT

11. janúar 2012 kl. 16.00-17.30, Garðaskóla, stofu 214

Verkefni fundarins:

Tilkynningar um fyrirkomulag vorannar og námskeið í mars. Liza Haglund, sænskur heimspækikennari, kemur og heldur námskeið 9. og 10. mars í Garðaskóla. Mælt er til að þátttakendur í umræðuhópnum taki frá tíma og sitji þetta námskeið. Það er ekkert skráningargjald fyrir leik- og grunnskólakennara í Garðabæ. Brynhildur bað kennara að hugleiða hvort þeir vildu vera með stutt erindi (15 mínútur) um þeirra upplifun af námskeiðinu og fyrstu skrefunum í því að innleiða heimspækilega samræðu í kennsluna hjá sér. Þetta erindi verður hluti af lítilli málstofu sem sett verður upp innan ramma námskeiðsins laugardaginn 10. mars

Samræðuæfing: lesa – spyrja – samræða – meta

Samræðuæfingin:

Jóhanna Kristín lagði fyrir okkur brot úr sögunni Litli prinsinn eftir Antoine de Saint-Exupéry, kafla XX-XXI. Við fórum hringinn, allir skiptust á að lesa stutt brot og taka við hver af öðrum.

Síðan bað JK okkur um spurningar sem kviknuðu við lestur kaflans:

1. Hvers virði eru samskipti? (Kristín S.)
2. Eru allir sérstakir? (Ingimar)
3. Hvenær förum við að finna fyrir væntumþykju? (Sigríður)
4. Er hægt að sjá með hjartanu? (sjá bls. 70 í textanum) (Guðbjörg)
5. Hvað tákna taminn? (Jóhanna G.)
6. Af hverju eru siðareglur nauðsynlegar? (Halla)
7. Erum við alltaf öðrum háð?(Ragna)
8. Gefum við vinum nægan tíma? (Guðrún)
9. Þarf maður að temja einhvern til að vera vinur hans? (Margrét)
10. Hvað er að vera ógæfusamur? (Áslaug)
11. Af hverju er gott að vera tamin/n? (Íris)
12. Ef hver rós er einstök – hvernig má þá temja hana? út frá hverju á að temja hana? (Rebekka)
13. Getur blóm tamið manneskju? (Brynhildur)
14. Hver er að temja hvern? (Ásta)
15. Berum við bara ábyrgð á því sem við höfum bundist böndum? (Sigríður)
16. Er ég að eilífu ábyrg fyrir því sem ég hef einhvern tímann bundist? (Brynhildur)
17. Skiptir skipulag máli? (Kristín S.)

Allir í hópnum voru þá búnir að leggja fram spurningu og taflan orðin full. Guðbjörg spurði hvort við ættum að flokka spurningarnar og Jóhanna Kristín samþykkti það. Hópurinn benti á hvaða spurningar tengdust og umræður spunnust út frá því – það voru ekki allir sammála um tengslin sem bent var á. Flokkar sem bent var á voru m.a.:

- tamningaspurningar
- einstök/sérstök

- ábyrgð og binding

Þetta verkefni tók dálítinn tíma og Margrét spurði til hvers við værum að flokka spurningarnar. Ragna tók seinna undir og benti á að hún væri búin að missa athygli og einbeitingu í verkefninu, fleiri í hópnum tóku undir það. Brynhildur svaraði að svona flokkunaræfing gæti þjónað mikilvægu hlutverki en vissulega yrði að taka tillit til orku og áhuga í hópnum og leyfa vinnunni að flæða nógu vel áfram til að nemendum þætti hún áhugaverð og skemmtileg. Flokkun á spurningum getur þjónað eftirfarandi hlutverkum:

- hópurinn byrjar ákveðna hugtakagreiningu með því að draga út lykilhugtök í spurningunum
- spurningunum "fækkar" þegar þær eru flokkaðar því hægt er að velja flokka spurninga og hefja samræðu um lykilhugtakið í staðinn fyrir að byrja út frá einni ákveðinni spurningu – þetta er valmöguleiki sem hægt er að nota til tilbreytingar frá því að byrja með spurningarnar eins og þær koma frá nemendum. Það má segja að athyglinni sé með þessari flokkunaræfingu beint frá spurningum að lykilhugtökum eða megin viðfangsefnum.
- flokkunin getur síað frá "lélegar spurningar" þ.e. spurningar sem eru ekki líklegar til að skapa samræðu. Dæmi um slíkar spurningar sem gott er að flokka frá eru staðreyndaspurningar og bullspurningar (spurningar sem nemendur setja fram til að bulla, grínast, ögra o.s.frv.). Kennari getur beinlínis spurt "eru einhverjar spurningar á töflunni sem við getum afgreitt strax? sem þjónar engum tilgangi að taka fyrir í samræðu?" – þessi æfing hjálpar nemendum líka að skilja og tala um hvað er heimspækileg spurning, hvað er spurning sem gott/skynsamlegt er að takast á við í samræðu.

Ég (Brynhildur) vil bæta við hér í samantektinni að ég held að reynslan af þessari æfingu á fundinum hafi verið mjög lærdómsrík. Það er mikilvægt fyrir okkur sem kennara að meta hvort er meira virði: að fylgja áætlun og formi kennslustundarinnar eða að hlusta eftir áhuga nemenda og leyfa þeim að stjórna flæði kennslustundarinnar. Í kennslustundum er þetta það sem kennarar gera stöðugt og færnin til að velja réttu leiðina hverju sinni kemur með reynslunni. Það er mikilvægt í samræðuhópi að þátttakendur láti vita þegar þeir detta út, fer að leiðast eða skilja ekki lengur hvað er í gangi – eins og Margrét og Ragna gerðu á fundinum okkar. Markmiðið í þróun samræðufélags er alltaf að hópurinn verði samábyrgur fyrir framvindu og ákvarðanatöku í samræðunum. Það má segja að okkar hópur sé langt á veg kominn að þessu leyti!

En, áfram með smjörið og snúum okkur aftur að samræðunni í tímanum á miðvikudaginn:

Jóhanna Kristín bað alla um að greiða atkvæði um hvaða spurningu þeir vildu helst ræða. Hún benti á spurningarnar á töflunni og bað fólk um að rétta upp hönd þegar kæmi að þeirri spurningu sem þeir helst vildu ræða. Þegar komið var niður hálfan spurningalistann spurði einhver hvort það mætti greiða atkvæði oftast en einu sinni. Brynhildur sagði að það væri ekki ráðlegt af því að slíkt leyfi hefði ekki verið gefið í upphafi – ekki breyta leikreglum í miðju kafi.

Spurningin sem valin var til umræðu var: Er hægt að sjá með hjartanu?

- Nei, við sjáum með augunum.
- Nei, það birtist engin mynd í hjartanu.
- Já, það er verið að tala um innsæi

- Já – sbr. "ég sé þig í nýju ljósi,"
- Já – þetta snýst um að sjá tilfinningar, tilfinningar sjá fyrirbæri sem augun sjá ekki
- Já – líffærið hjarta bregst við aðstæðum, ör hjartsláttur við hræðslu, spennu, ást o.s.frv
- Erum við að tala um líffærið hjarta – eða hjarta sem tákmynd

Tíminn rann svo út.

Brynhildur stjórnaði stuttu mati í lok tímans og spurði: "Komst hópurinn að niðurstöðu?"

- Nei, mörg sjónarmið komu fram en engin ein, skýr niðurstaða
- Já, við (sumir allavega) héldum því fram að það að sjá væri meira en bara að sjá það sem birtist augunum, það væri mikilvægt að taka tilfinningarnar inn í myndina og það er það sem hjartað stendur fyrir

Umræðufundi slitið 17.30.

UMRÆÐUHÓPUR, 5. FUNDUR, SAMANTEKT

8. febrúar 2012 kl. 16.00-17.30, Garðaskóla, stofu 214

Verkefni fundarins:

1. Ræðum reynslu þátttakenda af því að prófa heimspekilega samræðu í eigin kennslu (lesa texta – spyrja – ræða – meta)
2. Æfing: að nota dæmasafn sem kveikju að heimspekilegri samræðu - hugtakagreining

Umræður um tilraunir í eigin kennslu:

- Hvað prófuðuð þið?
- Hvað gekk vel?
- Hvað hefðuð þið viljað gera betur?

Brynhildur sagði frá vinnu í staðlotu á námskeiði sem hún kennir við HÍ í vor. Gestakennari kom með innlegg á námskeiðið og þegar því var lokið tjáðu nemendur ákveðin vonbrigði með kennsluna hjá honum því hún hafði ekki verið í samræmi við væntingar þeirra. B. upplifði að hún hefði ekki skipulagt staðlotuna nógu vel, byggt upp væntingar í nemendahópnum án þess að skipuleggja kennslu gestakennarans nógu vel þannig að samræmi væri þarna á milli. Í stað þess að fela þetta eða réttlæta aðstæðurnar sem upp komu ákvað hún að leyfa nemendum að útskýra sjónarmið sín og ræða þau – hópurinn lærði mjög mikið af því að meta og ræða þau vonbrigði sem upp höfðu komið. Athyglisverð umræða um hlutverk kennara og nemenda skapaðist.

Jóhanna Guðrún sagði frá því að það hefur komið henni á óvart að það er erfitt að fá börnin í leikskólanum þar sem hún kennir til að SPYRJA – þau eru ekki jafn spyrjandi og ákveðin klisja um börn gefur í skyn. Hún mælir með því að kennarinn hafi ekki of miklar væntingar til spurninga leikskólabarna heldur nýti augnablikin í daglega starfinu frekar sem útgangspunkt heimspekilegrar samræðu. Þarf að kenna börnum að spyrja? Hvernig gerum við það?

Ingimar sagði ekki frá sérstakri kennslustund heldur deildi upplifunum sínum úr heimspekikennslunni almennt. Honum finnst hann hafa lært að sætta sig við að geta ekki svarað öllu – hann veit að hann á ekki að geta það en það er erfitt fyrir kennara að gefa þessa mynd af sér í kennslustofunni. Honum finnst ÞÖGNIN erfið og finnst erfitt að bíða eftir hugmyndum nemenda þegar þær koma ekki umsvifalaust. Honum finnst hann aldrei nógu vel undirbúinn og viðurkennir að það er vond tilfinning – fræðarinn stangast á við heimspekilega kennarann. Brynhildur tók undir þetta og viðurkenndi að hún hefði heldur aldrei losnað alveg við þessa tilfinningu að vera aldrei nógu vel undirbúin. Erum við kennarar að læra á þessar tilfinningar okkar þegar við förum út í próunarverkefni eins og það sem við tókum þátt í í vetur?

Sigríður hafði prófað samræðu í ½ 3. bekkjarhóp sem hún kennir myndmennt í vetur. Þau voru búin að búa til samræðureglur. S. skipulagði samræðu út frá listaverki eftir Kjarval. Hún sýndi nemendum myndina og hafði undirbúið nokkrar samræðuspurningar til að draga fram heimspekilegar spurningar sem tengdust listaverkinu (t.d. "Er þetta landslagsmynd?"). Það kom Sigríði á óvart að í svörum sínum tengdu nemendur við fyrra nám sitt í myndmennt hjá henni, þau drógu fram atriði sem hún hafði kennt þeim fyrr í vetur. Þegar hún hittir nemanda á

ganginum nokkrum dögum eftir heimspekítímann spurði hann "Hvenær komum við á samræðufundinn?" – og hlakkaði til.

Guðrún hefur gert samræðutilraunir í 6 nemenda hópi sem hún kennir í sérkennslu. Þau lásu moldvörpuna og fylgdu því vinnuferli sem við höfum prófað: lesa – spyrja – velja spurningu – smá tími í umræðu. G. fannst verkefnið ganga vel þegar hún gerði þetta í fyrsta sinn með hópnum, nemendur voru áhugasamir. Í annað sinn sem hún lagði verkefnið fyrir var kominn nýr nemandi í hópinn og hann truflaði mikið þannig að þá vannst verkefnið ekki vel. Guðrún bendir á að það er kvíðvænlegt og erfitt að skipuleggja og reyna að kenna samræðu í heilum bekk. Það er svo margt sem getur truflað. Hvernig getur maður tekist á við þessa áskorun? Hvernig á að byrja? Er hægt að búta ferlið og vinnuna niður í smærri skref og innleiða aðferðina í bútum?

Kristín skipulagði samræðu í 23 manna 9. bekkjarhópi í íslensku. Bekkurinn var dæmigerður, jöfn kynjaskipting, nemendur mis áhugasamir og ná mis miklum árangri í bóknámi. Þau lásu þjóðsöguna "móðir mín í kví kví" en efni hennar tengdist viðburðum í Gunnlaugs sögu sem var meginverkefni hópsins um það leyti sem Kristín lagði verkefnið fyrir. Brynhildur tók þátt í tímanum með Kristínu, Kristín stjórnaði ferlinu en Brynhildur kom inn í þegar hana langaði til. Kristín lét bekkinn setja sér einfaldar samræðureglur, það gekk fljótt og vel. Eftir lesturinn kallaði hún eftir spurningum og fékk fjölmargar á töfluna. Nemendur flokkuðu spurningarnar í "orðskýringar" – "spurningar um söguna" – "umræðuspurningar". Kristín bað nemendur svo að velja eina af umræðuspurningunum og ræða, þeir völdu með atkvæðagreiðslu spurninguna "Af hverju var verið að bera út börn?" Löng umræða skapaðist, það var talsverður munur á framlagi stelpna og stráka í hópnum. Kristín byrjaði að punkta hjá sér það sem nemendur sögðu en hætti því af því að það var of erfitt að bæði skrifa og fylgja þræðinum í samræðunni. Henni þótti tilraunin fróðleg og lærdómsrík en fannst eftir á að samræðan hefði verið of löng, hún vill afmarka tímann betur í næstu tilraun.

Ásta kennir 20 nemenda 1. bekk. Hún lét bekkinn semja reglur og þau settu sér regluna "Hlusta" – það skapaðist engin umræða um reglurnar og það kom Ástu á óvart. Þau lásu síðan moldvörpuna, nemendur hlustuðu af athygli. Þegar samræðan fór af stað voru 3 strákar áhugasamir og töluðu en hópurinn var of stór, það þorðu ekki allir að tala. Það varð mikil ókyrrð og eftir 15 mínútur var ókyrrðin orðin svo mikil að þetta "var bara vonlaust". Ásta ætlar að prófa næst að hafa ½ hóp, finnst nauðsynlegt að skipuleggja ytri aðstæður öðruvísi en hún gerði í þessari fyrstu tilraun.

Að mati verkefnastjóranna voru þessar fyrstu tilraunir vel skipulagðar og útfærðar. Þau vandamál sem upp komu voru dæmigerð. Aðferðin er ný fyrir nemendur og í íslenskum skólum þarf heilmikla útsjónarsemi til að halda nemendum áhugasömum og einbeittum í stórum hópi. Kennari sýnir heilmikið hugrekki þegar hann beygir frá hefðbundnum kennsluáætlunum og – aðferðum á þann hátt sem samræða aðferðin í raun krefst. Kennarinn veit aldrei nákvæmlega hvernig samræðukennslustundin þróast eða hvað kemur út úr henni. Þetta getur verið erfitt en þetta er líka spennandi og skapandi verkefni. **Þið þurfið að skutla ykkur út í djúpu lauginni til að komast af stað með þessa tilraun. Þegar þið gerið það er mikilvægt að þið munið að leita markvisst að því sem heppnast, er skemmtilegt og gengur vel.** Það er mikilvægt fyrir nemendur ykkar að heyra að það sé verðugt verkefni að spyrja spurninga. Það er nauðsynlegt fyrir alla að læra að hlusta á aðrar manneskjur og tjá skoðanir sínar. Hvert pínulítið skref í þessum efnum er mikilvægt og nemendur okkar eru oft furðu fljótir að átta sig á því að aðferðin skapar þeim mikilvægan, lærdómsríkan og skemmtilegan vettvang.

Hugtakagreining – að nota dæmasafn sem kveikju að samræðu:

Aðferðin:

1. Kennarinn er búinn að ákveða hvaða hugtak á að fjalla um og útbúa dæmi sem varpa ljósi á ólíkar hliðar þessa hugtaks. Dæmin eru skrifuð á glærubúta eða flettisþjöld. Í æfingunni okkar í dag fjöllum við um hugtakið *Vinátta*
2. Hópurinn les í gegnum dæmasafnið og setur hvert dæmi í flokk: vinátta - ??? – ekki vinátta. Flokkarnir eru merktir með stjörum spjöldum og hengdir á töfluna eða lagðir á borð þar sem allir sitja. Flokkarnir og öll dæmaspjöldin þurfa að vera þannig að allir geti alltaf séð allt.
3. Þegar búið er að flokka fær hópurinn það verkefni að búa til skilgreiningu á vinaáttu. Hópurinn byrjar á að velja sér eitt dæmi til að ræða betur (t.d. með einfaldri atkvæðagreiðslu) → samræða út frá því dæmi → draga skilgreiningu út úr samræðunni. Hvað segir dæmið um vinátta? Eru allir sammála? Rökræða, gagnrýna – kennarinn stjórnar samræðunni.
4. Þegar 10 mínútur eru eftir: hvaða skilgreining er komin? Kennarinn skrifar niður skilgreiningu sem felur í sér þau atriði sem komið hafa fram í samræðunni. Síðan ræðir hópurinn: Er skilgreiningin góð? þarf að ræða hana betur? hvaða spurningar hjálpa til með framhaldið (ef þarf)?
Ef allir eru sáttir við skilgreininguna er hún prófuð með þeim dæmum sem eftir á að ræða – virkar skilgreiningin fyrir öll dæmin um vinátta? Ef ekki, á þarf að endurskoða skilgreininguna því hún er þá ekki fullnægjandi, samræðan hefst þá ef til vill að nýju.
5. Mat á samræðunni – nota t.d. samræðureglur bekkjarins:
 - a. Talaði einn í einu?
 - b. Fengu allir tækifæri til að tala?
 - c. Héldum við okkur við efnið? Hópurinn? Ég sjálf?
 - d. Hlustuðum við af athygli?

Samræðan okkar:

Við völdum að ræða um dæmið Trausti verður leiður ef ég er leiður en þetta dæmi hafði verið sett í flokkinn ??? eins og mörg önnur dæmi. Í samræðunni kom meðal annars fram:

- Trausti gæti verið vinur minn en hann þarf ekkert endilega að vera það, það skiptir ekki máli varðandi vináttuna hvort hann verður leiður þegar ég er leiður.
- Trausti er að sýna að hann finnur til með mér, hann hefur samhygð með mér – það gæti verið merki um vinátta
- Trausti gæti verið áhrifagjarn, er hann að láta mig stjórna tilfinningum sínum? Er hann þá ekki bara meðvirkur? Er hann vinur ef hann er meðvirkur? (skiptar skoðanir um þetta)
- Hver er munurinn á samkennd (samhygð) og meðvirkni?
- **Skilgreiningin:** Vinur er einhver sem þú getur treyst og styður við þig og það er jafnvægi í sambandinu.
- Þessi skilgreining virkaði á sum dæmin en við höfðum ekki tíma til að prófa þau öll.

Það er reynsla Brynhildar að þessi aðferð, að byrja á dæmum sem leiða beint inn í samræðuna frekar en texta-spurningum-samræðu er góð tilbreyting. Stundum virkar þessi aðferð þannig að hópurinn kemst fyrr af stað í athyglisverða samræðu. Við mælum því með að þið prófið þessa aðferð og kannið muninn með ykkar nemendahópum. Passið bara að það sé skýrt hvað á að gera – þegar á að flokka dæmin þá er "bannað að ræða þau" – það þarf oft að láta nemendur sýna þolinmæði á meðan flokkunin er í gangi því þeir stökkva beint af stað í að ræða það sem þeir verða ósammála um. En síðan getur það líka verið gott tækifæri til að komast hratt af stað í samræðu. Hættan við að fara þannig inn í samræðuna er þá bara sú að þeir sem byrjuðu að tala einoka talið af því að aðrir í bekknum voru kannski ekki jafn áhugasamir um dæmið sem farið var að ræða.

UMRÆÐUHÓPUR, 6. FUNDUR, SAMANTEKT

2. maí 2012 kl. 16.00-17.30, Garðaskóla, stofu 214

Verkefni fundarins:

- Vinnum verkefni um úlfa, sérstök áhersla á einfaldar rökæfingar

Úlfur, úlfur:

- Kennsluleiðbeiningar fyrir verkefnið eru á www.heimspekitorg.is/verkefnabanki
- Upphíttunargáta – margir könnuðust við gátuna og eftir dálitla vinnu þar sem þeir sem voru búnir að leysa gátuna hjálpuðu hinum sem þurftu lengri tíma kom í ljós galli í fyrirmælunum. Kennari þakkaði fyrir ábendinguna og mun laga gátuna.
- Myndasafn af úlfum flokkað inn í vennmyndir, stóra samtengda hringi sem merktir voru á gólfið. Annar hringurinn mar merktur "góður" og hinn "vondur" – í miðsvæðið fara úlfar sem eru bæði góðir og vondir. Hver þátttakandi setti eina mynd í það hól sem honum fannst passa myndinni best og rökstuddi af hverju. Þegar allar myndir voru komnar í hól spurði kennari: "er einhver mynd á röngum stað?" Umræða skapaðist um flokkunina, góða og vonda úlfa, eðli úlfa og manna og fleira.
- Kennari lagði fyrir verkefni um alhæfingar og hópurnir vann sig í gegnum hálf tveggja verkefnið. Þá vaknaði aftur umræða um hvort úlfar væru í raun vondir og hópurnir snéri sér aftur að vennmyndinni á gólfinu. Umræðunni var beint í farveg um "raunverulegan úlf" og myndir af "ekki raunverulegum úlfum" voru teknar út úr venn myndinni. Eftir það voru ekki lengur neinar myndir af úlfum í hólfinu "vondur" sem staðfesti ákveðna stefnu sem umræðan hafði tekið – að úlfar væru ekki vondir, það væru bara menn sem segðu það af því að þeim stendur ógn af úlfum.
- Við unnum ekkert mat á samræðunni en í lokin benti kennari á að það geti verið gott að setja umræðu af þessu tagi upp í hugtakalínu, þar sem nemendur raða fyrirbærum á skala:



Fyrir næsta fund:

- Prófið að leggja upp umræðu með flokkun í vennmyndir eða með því að raða dæmum á hugtakaskala.
- Skoðið verkefni og kennsluleiðbeiningar á www.heimspekitorg.is
- Næsti og síðasti fundur okkar fer í umræður um reynslu vetrarins. Við eigum eftir að heyra fleiri reynslusögur frá ykkar kennslu og biðjum ykkur að hafa þær tilbúnar fyrir síðasta fundinn. Við munum líka leggja fyrir ykkur litla skriflega könnun og hafa umræðu um námskeiðið/þróunarverkefnið sjálft – það er nauðsynlegt fyrir okkur í skipulagningu á framhaldinu næsta vetur.

HEIMSPEKILEG SAMRÆÐA Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM GARÐABÆJAR

MAT Á STARFI UMRÆÐUHÓPS 2011-2012

INNGANGUR:

Þróunarverkefnið sem þú tókst þátt í á þessu skólaári fólst í námskeiði með Ármanni Halldórssyni í september 2011, námskeiði með Lizu Haglund í mars 2012 og mánaðarlegum umræðufundum í Garðaskóla. Ætlast var til að þátttakendur gerðu samræðutilraunir í eigin kennslu milli umræðufunda.

1. HVAÐA VÆNTINGAR HAFÐIR ÞÚ TIL VERKEFNISINS ÞEGAR ÞÚ ÁKVAÐST AÐ TAKA ÞÁTT Í ÞVÍ SÍÐASTA HAUST?

2. STÓÐST VERKEFNIÐ VÆNTINGAR ÞÍNAR?

3. HVERSU GAGNLEGIR ÞÓTTU ÞÉR EFTIRFARANDI NÁMSKEIÐSHLUTAR:

	Mjög gagnlegt	Gagnlegt	Ekki gagnlegt
Námskeiðið með Ármanni Halldórssyni í september			
Útskýring:			

	Mjög gagnlegt	Gagnlegt	Ekki gagnlegt
Námskeiðið með Lizu Haglund í mars			
Útskýring:			

	Mjög gagnlegt	Gagnlegt	Ekki gagnlegt
Mánaðarlegir umræðufundir			
Útskýring:			

4. NÝTIST STARFIÐ ÚR UMRÆÐUHÓPUNUM Í STARFI ÞÍNU SEM KENNARI?
GETUR ÞÚ ÚTSKÝRT ÞAÐ MEÐ DÆMI/DÆMUM?

5. HVAD HEFÐI MÁTT BETUR FARA VIÐ SKIPULAG OG/EÐA INNIHALD
ÞRÓUNARVERKEFNISINS?
